



Fréttabréf Brekkuskóla

2. nóvember 2012
1. tbl. skólaárið 2011 - 2012
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag

Nú á haustdögum höfum við lagt áherslu á foreldrastarf og samskipti heimilis og skóla. Stjórn foreldrafélagsins átti frumkvæðið með því að óska eftir því við stjórnendur skólans að skerpa á þessum þætti skólastarfsins og fyrir það erum við afar þakklát. Foreldrar gera sér vel grein fyrir mikilvægi samstarfsins. Það er mikilvægt að skólinn gefi foreldrum tækifæri á að ræða mikilvæg atriði sem snúa að uppeldi nemenda innan sem utan veggja skóla eða sem tengist námi og kennslu. Oft snýst foreldrastarfið einnig einhverri upplýftingu fyrir nemendahópana.

Kynningarfundir að hausti þessa skólaár voru helgaðir þessu efni og í október fóru fram námskeið á vegum skólans fyrir foreldra í 1., 5. og 8. bekk með fræðslu, umræðuhópum og hópefli meðal foreldra. Um leið fengu nemendur hópeflipjálfun. Færum við foreldrum þakki fyrir virka þátttöku.

Framundan er árshátíð skólans. Nemendahópar æfa skemmtiatriði og skipuleggja Ævintýralandið eftirsóttu. Kaffihlaðborð 10. bekkja verður að sjálfsögðu á sínum stað.

Leiðsagnarmatið í Mentor er nú opið til skráningar fyrir nemendur og foreldra. Í framhaldi af leiðsagnarmatinu fara fram nemendaviðtöl þar sem kennari og nemandi hittast, meta og ræða stöðuna.

Með kveðju úr skólanum!

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólalastjóri

Alþjóðadagur eineltis

Fimmtudaginn 8. nóvember er alþjóðadagur eineltis. Þennan dag er árshátíðardagur hjá okkur og ætlum við að tengja tvennt saman á skemmtilegan hátt.

www.gegneinelti.is



Lokaæfingar fyrir árshátíð

Lokaæfingar (generalprufur) fyrir árshátíð verða á sal sem hér segir:

08:20 3. bekkur
08:40 2. bekkur
09:00 1. bekkur
09:20 7.-8. bekkur
10:00 5. bekkur
10:30 10. bekkur
11:40 4. bekkur
12:30 9. bekkur

Foreldrar eru velkomnir á lokaæfingu

Árshátíð Brekkuskóla

Kaffihlaðborð kl. 12:00-19:00

Pylsusala í sjoppu kl. 11:45-13:45

Ævintýraland 3ju hæð opið kl. 12:00-18:00

Sýningará sal:

1. bekkur kl. 12:30

2. bekkur kl. 11:30

3. bekkur kl. 12:00

4.- 5. bekkur kl. 13:00 og kl. 16:15

7.- 8. bekkur kl. 13:45 og kl. 17:00

9. - 10. bekkur kl. 14:30 og kl. 17:45



Brekkuskóli

v/Skólalastið
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brek.akureyri.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Nóvember 2012

				1. nóv. Fiskur kartöflur og salat	2. Lambapottréttur, hrísgrjón og salat	3.
4.	5. Snakkfiskur, hrísgrjón og salat	6. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur	7. Fiskibollur, kartöflur, salat og heit tómatsósa	8. Pylsur og pylsubrauð Árshátíð	9. Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	10.
11.	12. Kjötbúðingur, kartöflur, salat og lauksósa	13. Ofnbökuð bleikja, hrísgrjón, salat og sósa	14. Steikt lambakjöt, kartöflur, salat og brún sósa	15. Fiskipottréttur, kartöflur og salat	16. Blómkálssúpa og brauð Dagur íslenskrar tungu	17.
18.	19. Fiskibúðingur, kartöflur, salat og karrýsósa	20. Íslensk kjötsúpa	21. Grænmetisbuff, hrísgrjón, salat og sósa	22. Soðinn fiskur, kartöflur, soðið grænmeti og kryddsmjör	23. Gúllas, hrísgrjón og salat Morgunmóttaka hjá 6.b. Árshátíðarball 7.-10. b.	24.
25.	26. Starfsdagur Fristund lokuð f.h. Leiðsagnarmat kennara opnar í Mentor	27. Lasagne, salat og kryddbrauð Nemendaviðtöl hefjast	28.	29.	30. Morgunmóttaka hjá 9.-10.b.	1. des.

Skráning í **leiðsagnarmat Mentor** er opið nemendum og foreldrum til 26. nóvember. **Nemendaviðtöl** (kennari + nemandi) hefjast að loknu leiðsagnarmati.

Aðgangur að veraldarvefnum

Brekkuskóli býður nemendum þráðlausan aðgang að veraldarvefnum í skólanum. Aðgangurinn er ætlaður nú fyrst fyrir nemendur í 10. bekk sem vilja nota eigin tölvur, spjaldtölvur eða snjallsíma til náms. Smám saman verður fleiri árgöngum bætt við og er meiningin að bjóða nemendum í 7.- 9. árgangi þennan möguleika á næstunni. Foreldrar fá þá netpóst þess efnis og nemendur koma heim með umsóknareyðublað sem þeir fylla út séu þeir samþykkir að nemandinn nýti þennan aðgang.

Þar sem skólinn borgar fyrir hvert mb. er ekki leyfilegt að niðurhala miklu efni af netinu. Skólinn höfðar til skynsemi nemenda og gerir þeim grein fyrir að fylgst er með hversu miklu þeir eru að hlaða niður. Tölvuumsjónarmaður skólans fylgist með gagnamagni nemenda og lokar á viðkomandi ef gagnamagnið fer yfir eðlilegum mörk.

Fylgst verður með óæskilegri notkun eins og kostur er og óæskilegum síðum læst eða síað úr með sérstökum "router" sem tengdur er við kerfið.

Með þessari framkvæmd er Brekkuskóli að stíga ákveðið skref í þróun á rafrænu námi við skólann.